

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

I. Um biðskyldu og aðalbrautarétt

1. Að biðskylda verði á botngötum Huldubrautar til norðurs gagnvart megingötu Huldubrautar.
2. Að biðskylda verði á botngötu Lækjarhjalla til norðurs gagnvart megingötu Lækjarhjalla.
3. Að biðskylda verði á botngötum Skógarhjalla til norðurs gagnvart megingötu Skógarhjalla.
4. Að biðskylda verði á öllum götum sem liggja að Arnarsmára.
5. Að biðskylda verði á Arnarsmára gagnvart Fífuhvamsvegi og Dalsmára.
6. Að biðskylda verði á aðliggjandi götum Fífuhvamsvegar gagnvart Fífuhvamsvegi.
7. Að biðskylda verði á Fífuhvamsvegi gagnvart Arnarnesvegi og Hafnarfjarðarvegi.
8. Að biðskylda verði á vegi að Digraneskirkju gagnvart Digranesvegi.
9. Að biðskylda verði á Blikahjalla, Brekkuhjalla og Bakkahjalla gagnvart Hlíðarhjalla.
10. Að biðskylda verði á Heiðarhjalla gagnvart Hlíðarhjalla og Skálaheiði.
11. Að biðskylda verði á botngötu Heiðarhjalla nr. 2 til 20, gagnvart Heiðarhjalla, aðalgötu.
12. Að biðskylda verði á Gnitaheiði og Gnípuheiði gagnvart Digranesheiði.
13. Að Vesturvör njóti aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum.

II. Um bifreiðastöður

Heimilaðar eru bifreiðastöður beggja vegna Vallargerðis vestan Þinghólsskóla.

III. Um hámarkshraða

Hámarshraði á Elliðavatnsvegi verði 30 km/klst.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Kópavogi, 19. maí 1994.

Þorleifur Pálsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignastofnunina Media upplýsingaþjónusta á Íslandi.

Neðangreindir aðilar hafa gert með sér eftirfarandi samkomulag um stofnun sjálfseignastofnunar vegna reksturs Media upplýsingaþjónustunnar á Íslandi:

Menntamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík.

Félag kvikmyndagerðarmanna, kt. 650572-1229, Laugavegi 24, 101 Reykjavík.

Samband kvikmyndaleikstjóra, kt. (óskráð), Bjarkargötu 8, 101 Reykjavík.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, kt. 711290-2229, Pósthússtræti 13, 101 Reykjavík.

Kvikmyndasjóður Íslands, kt. 540879-0289, Laugavegi 24, 101 Reykjavík.

1.0. Nafn og heimilisfang.

Sjálífseignastofnunin heitir: **Media upplýsingaþjónusta á Íslandi.**

Heimilisfang: Laugavegur 24, Reykjavík.

2.0. Tilgangur.

Tilgangur Media upplýsingaþjónustunnar er að veita upplýsingar, ráðgjöf og þjónustu varðandi starfsemi hinna ýmsu sjóða og stofnana sem reknar eru á vegum Media áætlunar Evrópubandalagsins og önnur skyld verkefni í samræmi við reglur og markmið Media áætlunar Evrópubandalagsins.

3.0. Stofnfé.

Stofnfé er kr. 441.000,00 sem er höfuðstóll bankabókar við Búnaðarbanka Íslands, sem sérstaklega var stofnuð í þessu skyni.

4.0. Tekjur – ráðstöfun tekna og stofnframlags.

Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög stofnaðila og Media áætlunarinnar og annarra aðila, m.a. frá ríki eða stofnunum þess, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri.

Tekjum stofnunarinnar og vöxtum af stofnframlagi má aðeins ráðstafa til greiðslu rekstrarkostnaðar, þ.m.t. kaup og sala eigna, lán og styrkir.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema kr. 441.000,00.

5.0. Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 einstaklingum og varamönnum þeirra skv. tilnefningu ofangreindra stofnaðila sem hver skal tilnefna einn stjórnarmann.

Stjórnarmenn skulu tilnefndir til þriggja ára í senn.

Stjórnin skipar sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar.

Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar og skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður við starfsemina sé í samræmi við rekstraráætlanir.

Stjórnarfundir skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðabók.

Stjórninni er heimilt að skuldbinda stofnunina fjárhagslega og taka lán fyrir hennar hönd.

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og veita fulla prókúru.

6.0. Framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórn. Hann skal m.a. sjá um bókhald stofnunarinnar og semja ársreikning í samráði við stjórn.

7.0. Reikningar – ársskýrslur – rekstraráætlanir.

Stjórnin skal hafa ársreikning endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda tilbúinn fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Jafnframt skal stjórnin láta gera skýrslu um starfsemi undangengis almanaksárs sem skal vera tilbúin um leið og ársreikningur.

Milliuppgjör skulu gerð af framkvæmdastjóra fjórum sinnum á ári og þau borin saman við rekstraráætlanir.

Rekstraráætlun fyrir hvert reikningsár skal stjórnin gera í samráði við framkvæmdastjóra. Slík rekstraráætlun skal vera tilbúin fyrir 1. desember yfirstandandi reikningsárs.

8.0. Starfsár – reikningsár.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

9.0. Endurskoðun.

Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til þess að endurskoða ársreikninga. Ársreikningar skulu áritaðir af endurskoðanda og stjórn. Ársreikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu um hvernig fjármunum hafi verið varið á næstliðnu reikningsári.

10.0. Breytingar á stofnsamþykktum og slit stofnunarinnar.

Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna tekjumöguleika er heimilt að breyta samþykktum þessum eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmann.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar renna til Kvikmyndasjóðs Íslands eða til annars aðila sem stjórnin ákveður með öllum greiddum atkvæðum.

11.0. Upphafsaðgerðir.

Sjálfseignastofnun vegna reksturs Media upplýsingaþjónustunnar á Íslandi, sem skipulagsskrá þessi tekur til skal taka við eignum, rekstri og skuldbindingum Samtaka um rekstur Media upplýsingaþjónustunnar á Íslandi, sem sett var á laggirnar með samningi sömu aðila og að skipulagsskrá þessari standa með samningi dags. 30. júní 1993.

12.0 Staðfesting dómsmálaráðherra.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og allar breytingar á henni.

Reykjavík, 9. mars 1994.

Menntamálaráðherra,
Ólafur G. Einarsson

f.h. stj. Félags kvikmyndagerðarmanna,
Eiríkur Thorsteinsson

f.h. Sambands kvikmyndaleikstjóra,
Friðrik Þór Friðriksson

f.h. Sambands íslenskra
kvikmyndaframleiðenda,
Ari Kristinsson

f.h. Kvikmyndasjóðs Íslands,
Vilhjálmur Gíslason

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. maí 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.